Fundargerð 27.juni 2017

Fjölmenningarráð – 1

Haldinn í Húsinu Staðarbergi 6, 27.06.2017 og hófst hann kl. 17.00

Fundinn sátu: Juliet Björnsson, Emad Altabbaa, Páll Daníelsson, Karólína Helga Símonardóttir, forföll Algirdas Slapikas

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Magnúsdóttir

Dagskrá:

1. Fundartími –

Umræður um fundartíma. Fyrsti fundur eftir sumarfrí verður mánudaginn 28.águst kl. 17.00 Staðarbergi 6.

2. Hlutverk fjölmenningaráðs-

Farið yfir hlutverk fjölmenningaráðs, óskað eftir að þýða skjalið á arabísku.

Fyrsta árið sem fjölmenningaráð er að funda í Hafnarfirði og allir spenntir fyrir að takast á við verkefnið.

Nokkrar hugmyndir sem ræddar voru:

· Velkomin kort – upplýsingar um þjónustu sem er í boði. Einfalda aðgengi og þýða grunnupplýsingarnar.

· Heimanámsaðstoð í frístundaheimilum / í skólum

· Leiguhúsnæði / móttaka flóttamanna – kanna hver staðan er.

· Frístundir barna á erlendum uppruna frítt í frístundaheimili fyrsta hálfa árið, verkefni í gangi í Reykjavík sem er spennandi að skoða betur.

· Búið að stofna facebook hóp fyrir hópinn https://www.facebook.com/groups/1213771062066482/

3. Kostning formans og varaformans ráðsins-

Frestað fram yfir sumar

Fundi slítið kl. 18:00